

BÍLAR

ÞRIÐJUDAGUR 19. FEBRÚAR 2013

50.000 Nissan Leaf seldir

Frá því að Nissan kynnti rafmagnsbílinn Leaf hafa 50.000 eintök af honum verið seld, þar af 19.500 í Bandaríkjunum og 7.000 í Evrópu. Nissan Leaf kom fyrst á markað í desember árið 2010. Eigendur Nissan Leaf-bíla hafa ekið þeim samtals 260 milljónir kílómetra, sem er lengra en vegalengdin til sólarinnar. Einn japanskur eigandi Leaf hefur ekið sínum bíl 177.000 km.



Efrýnt er í sölutölur nýrra bíla það sem af er ári á vef Umferðarstofu sést glögglega að jepplingar eiga sem stendur upp á pallborðið hjá landanum. Salan eftir janúarmánuð og fram til 15. þessa mánaðar er 681 bíll og því byrjar salan ekki af miklum krafti. Það gerir hún sjaldnast á fyrstu mánuðum hvers árs og sala til bílaleiga er líklega ekki hafin. Hún vó hátt að helmingi sölnunnar í fyrra. Hins vegar er hlutfallsleg sala á jepplingum líklega í sögulegu hámarki, því af tíu söluhæstu einstöku bílgerðunum eru fimm þeirra jepplingar.

Honda CR-V söluhæstur allra bílgerða

Söluhæsti bíllinn hingað til er jepplingurinn Honda CR-V sem selst hefur í 54 eintökum. Toyota Yaris-fólksbíllinn hefur selst í 51 eintaki en í þriðja sæti er aftur jepplingur, Chevrolet Captiva, sem 41 hafa keypt. Volks-

wagen Golf hafa 32 kaupendur krækt sér í en síðan kemur einn jepplingurinn enn, Kia Sportage með 29 bíla. Fleiri jepplingar ná hátt á þessum lista, Nissan Qashqai í 7.-8. sæti með 23 bíla og Suzuki Grand Vitara í því 10. með 16 bíla selda. Hyundai Santa Fe er líka ofarlega með 12 bíla og Volkswagen Tiguan einnig 12.

Volkswagen og Toyota áfram söluhæst

Af öllum bílum seldum á árinu eru 283 þeirra jepplingar eða jeppar, eða 41,5%. Jepplingarnir eru 226 en

jepparnir 57. Söluhæstu jepparnir eru Toyota Land Cruiser 11 bílar, Dodge Durango 10, Mitsubishi Pajero 7, Suzuki Jimny 6, Land Rover Discovery 5, BMW X5 4 og Audi Q7 4 bílar. Söluhæsta einstaka bílamerkið það sem af er ári er Volkswagen með 95 selda bíla og Toyota fylgir fast á eftir með 94 bíla. Þessi tvö merki voru langsöluhæst hér á landi í fyrra og því engin breyting þar á nú í ár. Í næstu sætum eru Chevrolet 77, Honda 60, Kia 56, Suzuki 32, Nissan 26, Hyundai 25 og Ford og Renault með 23 selda bíla hvort.




Ár jepplinganna?

KAUPA KÍNVERJAR FISKER?

Kínverska bílafyrirtækið Dongfeng hefur gert Fisker Automotive tilboð í 85% eignarhlut í kaliforníska tvinnbílaframleiðandanum. Hljómar það upp á 350 milljónir dollara, eða 45 milljarða króna. Fleiri hafa reyndar boðið í fyrirtækið en talið er að tilboð Dongfeng sé það besta. Fisker framleiðir sportbíla sem ganga bæði fyrir rafmagn og bensín en hefur ekki framleitt einn einasta bíl síðastliðna sjö mánuði þar sem birgir Fisker á rafgeymum, A123 Systems, fór á kúpuna. Leitar Fisker nú hófanna hjá öðrum framleiðendum rafgeyma. Bílar Fisker, sem bera nú nafnið Fisker Karma, eru engin smásmíði. Þeir veiga 2,4 tonn en eyða samt aðeins 4,5 lítrum á hundraðið í blönduðum akstri. Þeir kosta 100.000 dollara stykkið eða um 13 milljónir króna. Um 2.000 Fisker Karma-bílar hafa verið afhentir eigendum sínum til þessa.



Fisker Karma



HEMLAHLUTIR Í JEPPA

Stál og Stansar ehf.
Vagnhöfði 7 – sími 517 5000

Rafstilling ehf



Startarar
Alternatorar



Viðgerðarþjónusta
Varahlutir



Flottar og ódýrar
bilaperur



Heimilis LED perur
white og warm white



Dugguvogi 23 rafstilling@rafstilling.is 581-4991



Reynsluakstur

Ford B-Max

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

HLEÐSLUTÆKI

Passaðu vel uppá rafgeyminn í vetur.



12V 4A

12V 0,8A



SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM

TUDOR

Bíldshöfða 12 • 110 RVK • 577 1515 • www.skorri.is

Tímamótabíll án burðarbita milli hurða

Er með rennihurðum á báðum hliðum og opnunin 1,5 metrar.

Það telst ávallt til stórra fréttar þegar Ford kemur með nýjan bíl á markað. Það hlaut þá eðlilega að vera, á þessum tíma smárra bíla, að hann væri af smærri gerðinni, en engu að síður fjölnotabíll. Hann heitir Ford B-Max og skírskotar með því nafni til stærri bræðra sinna C-Max og S-Max, sem og til B-stærðarflokks bíla. Ford segir að B-Max sé tegund af bíl sem heimsbyggðin hefur ekki séð áður og hann sé ekki bara ætlaður fólk með börn heldur einnig ævintýragjörfólki á öllum aldri. Þrátt fyrir að um byltingarkenndan bíl sé að ræða á hann að leysa af hólmi Ford Fusion-bílinn, sem var álíka sex í útliti og frystikista. Þessi nýi bíll er byggður á sama undirvagni og Ford Fiesta en er 12 sentímetrum lengri og nokkru hærri að auki.

Byltingarkennd hurðaopnun

Það sem gerir þennan bíl strax athyglisverðan er að hann er ekki með neinn burðarpóst á milli hurða og því opnast hann alveg þegar þær báðar eru opnaðar. Sú aftari er rennihurð sem eykur enn á frábært innstig í bílinn og er opnunin hvorki meira né minna en 1,5 metrar. Hvað þetta varðar á bíllinn engan sinn líkan og gæti talist himnasending fyrir fólk sem á eitt eða fleiri börn sem sitja í barnabílstólum, því ekki er hægt að hugsa sér annan bíl heppilegri til að festa

þau í og taka út aftur. Þeir sem hafa áhyggjur af burði og styrk bílsins vegna skorts á burðarbitanum milli hurðanna geta sleppt því þar sem styrkurinn liggur í hurðunum sjálfum og þegar þeim er lokað krækjast þær við þakið til að viðhalda stífni bílsins. Bíllinn hefur þó marga aðra kosti en þennan, svo sem frábærar vélar og mikla aksturshæfni.

Litlar sprækar vélar og fínir aksturseiginleikar

Ford B-Max var prófaður við bestu aðstæður á vegum í nágrenni München og bæði reyndur með sprækri 1,6 lítra dísilvél og hinni frábæru eins lítra EcoBoost-bensínvél. Báðar reyndust þær ákaflega heppilegar fyrir þennan bíl, en þær má reyndar finna í ýmsum öðrum gerðum minni Ford bíla. Þar sem B-Max er nettur bíll eru báðar þessar vélar sprækar og hann skemmtilegur fyrir vikið. Litla bensínvélin er 100 hestöfl enda með túrbínu. Þá vél má einnig fá 125 hestafla og sérpanta má bíllinn þannig. Greinaskrifari myndi þó velja dísilvélinna vegna mikils togs hennar og lágrar eyðslu. Hún er ekki skráð nema fyrir 75 hestöflum en er merkilega spræk. Ein vél enn er í boði hjá Brimborg, söluaðila bílsins hér á landi, en það er 1,6 lítra bensínvél, 105 hestafla, en með henni er bíllinn aðeins í boði sjálfskiptur. Með hinum vélunum fæst

Ford B-Max

1,0 bensínvél – 100 hestöfl

Framhjóladrif

Eyðsla: 4,9 l./100 km í blönduðum akstri

Mengun: 114 g/km CO₂

Hröðun: 13,2 sek.

Hámarkshraði: 175 km/klst.

Verð: 3.290.000 kr.

Umboð: Brimborg

hann bara beinskiptur og þannig er þessi lipri bíll reyndar skemmtilegastur. Það eru þó ekki allir sem kjósa það og krefjast sjálfskiptingar. Akstursgeta bílsins kom hressilega á óvart, hann svínliggur á vegi, er mjög lipur í stýringu og varla gætir nokkurs hliðarhalla þó lagt sé vel á hann í beygjum, auk þess sem hann er stöðugur í langkeyrslu. Hann er því með sömu rómuðu aksturseiginleikana og Ford Fiesta, enda með sama undirvagn og fjöðrun. Eitt er það þó sem setja þarf út á, hann sárvantar sjötta girinn beinskiptur fyrir þjóðvegaakstur og eyðir því meira þar en þarf.

Praktísk innri hönnun

Ford B-Max er sniðuglega innréttaður. Hann er með 318 lítra skott en ef aftursætin er lögð niður verður gólfíð alveg flatt, 2,3 metra langt og 1.103 lítrar. Innréttingin er afar smekklek og Ford hefur tekist að

Rauður Rúbín fyrir þá sem elska gott kaffi!



Rúbín kaffi

Vilko

Nýbakaðar pönnukökur og vöflur frá Vilko eru ómissandi með góðum kaffibolla.

-einfaldara getur það ekki verið!



Ford B-Max

Innréttingin minnr á margan lúxusbílinn en ekki er froðað í efnisnotkun.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

GALLAR

Vantar
sjötta girinn,
fæst bara
sjálfskiptur
með einni
vélargerð

Byltingar-
kennd
hurðaopn-
un, aksturs-
eiginleikar,
góðar vélar

KOSTIR



Ford B-Max



Ótrúlega rúmur og notadrjúgur lítill bíll og kjörinn fyrir barnafjölskyldur FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



láta hana líta dálítið lúxuslega út þó ekki sé froðsað með dýrri efnisnotkun. Þó verður að segja að aðeins of mikið sé froðsað í fjölda takka fyrir hljóðkerfi bílsins og minnir fyrir vikið á stjórnklefa í þotum. Sætin er mjög góð í bílnum og auðvelt að finna heppilega akstursstöðu. Ökumaður, sem og aðrir farþegar, sitja hátt í bílnum og það er einmitt það sem svo margir bílkaupendur sækjast eftir í dag og fyrir vikið sest maður beint inn í bílinn, ekki niður í hann eins og með svo marga fólksbíla. Þetta meta sérstaklega mikið eldri kaupendur og reyndar líka margir kvenkyns ökumenn. Ford B-Max er með allra praktískustu bílum sem greinarritari hefur séð, sparneytinn og ótrúlega góður í akstri og ætti því að eiga vísan nokkuð stóran kaupendahóp, þó allra helst í hópi for-eldra með ung börn.

Aftur til fortíðar með 415 hestafla Chevrolet SS

Chevrolet hefur ekki selt afturhjóladrifinn fjögurra dyra fjölskyldubíl með mjög öflugri vél síðan 1996, eða frá því að Chevrolet Impala SS var á sölulista fyrirtækisins. Úr því verður bætt á þessu ári með tilkomu Chevrolet SS sem verður með V8-vél undir húddinu og 415 hestöfl. Tekur sá bíll sprettinn í hundraðið á fimm sekúndum. Það sem er líklega merkilegast við þennan bíl er að hann er hannaður og smíðaður af Holden-armi Chevrolet í Ástralíu. Chevrolet SS kemur í sölu á síðasta ársfjórðungi ársins. Chevrolet framleiðir að sjálfsgöðu Camaro og Corvette-bíla, en þeir eru báðir tveggja hurða sportbílar og ekki hentugir sem fjölskyldubílar. General Motors, eigandi Chevrolet, bauð reyndar upp á öflugan fjölskyldubíl í formi Pontiac G8-bílsins fram til ársins 2010, eða þar til Pontiac-merkið var lagt niður. Chevrolet áætla ekki að SS-bíllinn verði mikill magnsölubíll, hann muni seljast í 8-10.000 eintökum á ári. Hann á að keppa við Dodge Charger SRT og Chrysler 300 SRT á markaðnum fyrir kraftabíla sem ekki falla í lúxusbílaflokk. GM áætla að setja 13 nýja bíla á markað á þessu ári og býst við 7% söluaukningu frá árinu í fyrra.

Chevrolet SS



Góður vinnufélagi! Rúnar Róberts

Virka daga kl. 13 – 16



BYLGJAN
989

Ertu að leita
upplýsinga?
www.suzuki.is



Way of Life!

Vor og sumar á leiðinni



Suzuki Swift



Verð frá 2.550 þús. Eyðsla frá 5,0L/100km (blönduðum akstri, beinskiptur) CO² 116g/km



Einn vinsælasti bíllinn á Íslandi undanfarin ár.
Með einstaklega sparneytinni 94 hestafla vél.
Býðst beinskiptur og sjálfskiptur og einnig með fjórhjóladrifi
beinskiptur. Swiftinn hlaut 5 stjörnur í N-CAP öryggisprófuninni
og kemur með ESP stöðugleikakerfi og 7 öryggisloftpúðum
sem staðalbúnaði.



Velkomin í reynsluakstur

**FYRIR SKYNSAMT
FÓLK**



**TRAUST UMBOÐ
Í YFIR 40 ÁR**

SUZUKI

SUZUKI BÍLAR HF • SKEIFUNNI 17 • SÍMI 568 5100 • WWW.SUZUKI.IS